



Fréttabréf október 2011

Kæru dönskukennarar

Nú er skólaárið komið á fullt skrið og vonum við að starfið gangi sem best. Um leið og við sendum ykkur þetta fréttabréf októbermánaðar hvetjum við ykkur til að hafa samband ef þið lumið á góðum hugmyndum eða upplýsingum sem gætu gagnast okkur hinum.

Fræðslufundur Frasar.net


Á haustdögum er áætlað að halda kynningu fyrir félagsmenn á frasar.net. Stjórnin mun senda ykkur tilkynningu um dagsetningu fljótlega.

Rap It Up úrslitakeppnin

Í fréttabréfi félagsins í vor sögðum við frá norrænni rappkeppni. Nokkur lög bárust frá Íslandi. Keppt verður til úrslita í Stokkhólmi þann 14. október og hefur ungur íslenskur maður verið valinn til að keppa til úrslita.

Julefrokost

Okkar árlegi jólafrokost verður á sínum stað eins og venjulega. Ákveðið hefur verið að halda hann **laugardaginn 26. nóvember**. Nánar verður greint frá því í næsta fréttabréfi, en takið daginn frá.



Norrænt námsefni

Á vef Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs hefur verið safnað saman krækjum í námsefni um Norðurlönd á netinu. Sjá: <http://www.norden.org/is/nordurloend-fyrir-thig/hagnytar-upplýsingar>

Frá skólafulltrúa Norræna félagsins

Sænska Skolverket hefur tekið saman kennsluefni fyrir sænska tungumálakennara sem etv má nýta við kennslu í íslenskum skólum: http://www.skolverket.se/skolutveckling/amnesutveckling/sprak/nordiska_sprak/material

Facebook

Stofnuð hefur verið facebook-síða í nafni dönskukennara á Íslandi. Finnið okkur og verið vinir okkar! Það er von okkar að þarna geti farið fram umræða og ábendingar um hitt og þetta tengt faginu.



Styrkir til norrænna tungumálaverkefna

Opnað hefur verið fyrir umsóknir styrkja í Nordplus, norrænu tungumála- og menningaráætlunina. Umsóknarfrestur er 15. október. Um er að ræða verkefni sem hefjast í fyrsta lagi í janúar 2012 og geta varað til allt að þriggja ára. Ath. einungis er veittur stuðningur til tungumálaverkefna (ekki nemendaskiptaverkefna eða bekkjaheimsókna).

Meginmarkmið Tungumála- og menningaráætlunar Nordplus á árunum 2008-2011:

- Að styrkja málskilning og þá sérstaklega skilning á dönsku, norsku og sænsku.
- Að auka áhuga, þekkingu og skilning á norrænni menningu, tungumálum og lífsháttum.

Sjá nánar: <http://ask.hi.is/id/1067>

Munið félagsgjöldin

Nú er verið að ganga frá greiðsluseðlum fyrir félagsgjöldin. Gjalddaginn er 1. nóvember.

Kær kveðja, stjórnin

Ábyrgðarmaður: Erna Jessen
ernajes@hi.is

